

Mikilvægi forvarna í barnavernd

kynning á forvarnarstefnu Árborgar

***Anný Ingimarsdóttir, félagsráðgjafi
verkefnisstjóri félagslegrar ráðgjafar
Fjölskyldumiðstöð Árborgar***

Fundur á Barnaverndarstofu 27. september.2010



Sveitarfélagið
ÁRBORG

Upphafsorð vissir þú.....

- Að það er til fólk sem selja barninu þínu eiturlyf.
- Að það er til fólk sem þætti eftirsóknarvert að hafa kynmök við barnið þitt.
- Að það eru til foreldrar sem kaupa áfengi fyrir börnin sín. Sumir þeirra eru einnig tilbúnir að gefa barninu þínu áfengi eða leyfa barninu þínu, án þinnar vitneskju að spila tölvuleiki sem bannaðir eru börnum.
- Þroskaferill barns er eins og völungarhús og það þarf að sinna því.

Forvarnarstefna Árborgar

- Forvarnarstefna Árborgar og aðgerðaráætlun sem henni fylgir var samþykkt í bæjarstjórn Árborgar júní 2008.
- Endurskoðuð í mars 2010
- Stefnan felur í sér almennar og sértækar aðgerðir sem miða að því að börn og ungmenni í sveitarfélaginu búi við:
 - öryggi, umhyggju, þroskavænleg uppeldisskilyrði og lífi heilbrigðu lífi án vímuefna.

- Forvarnarstefnan tekur til barna og ungmenna frá fæðing 20 ára aldurs.
- Áherslur í forvörnum þurfa að vera breytilegar eftir aldurskeiðum.
- Aldurskeiðið frá fæðingu til 20 ára aldurs er skipt í fimm aldursstig. Áherslur fyrir hvert aldursstig eru skilgreindar sem og aðgerðir, ábyrgð og mat á aðgerðum.
- Aðgerðir, áherslur og árangur í forvarnarmálum eru byggðar á niðurstöðum R&G, Lýðheilsustöðvar og öðrum rannsóknum sem teljast áreiðanlegar.

Lykilhópar og aðgerðir

- Til að ná árangri í forvarnarmálum skiptir samvinna allra sem koma með einum eða öðrum hætti að uppeldi, kenndu, þjálfun eða annarri vinnu með börnum og ungmennum miklu máli.
- Til að tryggja svo megi verða hefur verið myndaður öflugur samráðsvettvangur í forvarnarmálum. Annarsvegar er starfandi samstarfshópur sem skipaður er 31 fulltrúa frá stofnunum, félögum, foreldrum og ungmennum. Sá hópur hittist 2x á ári í tengslum við stefnumótun og aðgerðir á sviði forvarna.

Lykilhópar og aðgerðir

Hinsvegar er starfandi aðgerðarhópur sem er skipaður 15 fulltrúum úr samstarfshópnum og hittist hann einu sinni í mánuði.

- Verkefnisstjóri íþróttá-forvarna- og menningarmála (Hættur -sagt upp vegna sparnaðar).
- Íþróttá og tómstundafulltrúi
- Verkefnisstjóri félagslegrar ráðgjafar (barnavernd)
- Verkefnisstjóri fræðslumála
- Fulltrúi Félagsmálanefndar
- Fulltrúi Skólaskrifstofu Suðurlands
- Fulltrúi Lögreglunnar á Selfossi
- Fulltrúi Heilsugæslu Suðurlands
- Fulltrúi ungmennafélags Selfoss
- Fulltrúi Fsu
- Fulltrúar grunnskóla (3)
- Fulltrúi leikskóla
- Forstöðumaður tómstundahúsa.

Aðalmarkmið

- Forvarna í sveitarfélaginu Árborg er að börn og ungmenni í Árborg séu ætíð undir landsmeðaltali í niðurstöðum kannana á neyslu barna og ungmenna á tóbaki, áfengi og ólöglegum vímuefnum og komi vel út í könnunum/rannsóknunum á hagi og líðan

Megináherslur - leiðarljós

- Foreldrar gegna lykilhlutverki
- Jákvæð og sterk sjálfsmynd – sjálfsvirðing
- Heilbrigðir lífshættir – líf án vímuefna
- Samfella í skóla-, íþróttá- og tómstundastarfi
- Fordómalaust samfélag
 - Kom nýtt inn í forvarnarstefnuna 2010

Fordómar – verum vakandi

- Fordómar eru ekki meðfæddir, þeir lærast.
- Börn læra þá af fólki sem þau elska og virða.
- Þess vegna er mjög mikilvægt að foreldrar og þeir sem vinna með börnun í skólum og íþróttá- og tómstundastarfi sýni fordómaleysi og umburðarlyndi í návist þeirra.
- Fordómar geta orðið til gagnvart hvaða hópi sem er (Barnaverndar-og/eða félagsþjónustumálum).
- Algengastir eru fordómar sem fólk hefur er um kynþætti, aldurshópa, þjóðar, veikindi og kynhneigð. Slíkir fordómar hafa leitt til dauða.

Aldursstig 0-2ja ára (frumbernska)

- Þetta aldursbili einkennist í að kenna barni æskilega hegðun og samskipti, veita því markvissa örvun, þjálfu og færni á ólíkum þroskasviðum, s.s. hreyfingu, máltjáningu og málskilningi.
- Foreldrar eru fyrirmyndir barna sinna. Af þeim lærir barnið: Framkomu, samskipti, viðbrögð við hversdagslegum og óvenjulegum atburðum, málnotkun, umburðarlyndi o.s.frv.
- Góð uppeldisskilyrði, þar sem **öryggi, regla og umhyggja** eru í fyrirrúmi, eru mikilvæg í frumbernsku barna.
- Á þessu tímabili er lagður grunnur að frumpörfum og tengslamyndun sem leiðir af sér velferð barnsins.

Aldurstig 0-2ja ára (frumberska)

Skilaboð til foreldra: Frumþarfir og tengslamyndun

Í frumpörfum felst:

- Að foreldrar hlúi vel að börnum sínum.
- Að foreldrar veiti börnun sínum næringu við hæfi.
- Að foreldrar tryggja börnum sínum nægan svefn og hvíld.
- Að foreldrar mæti reglulega með börn sín í ungbarnaeftirlit, skoðanir og greiningar ef með þarf.

Í tengslamyndun felst:

- Að halda á barninu, faðma það, vera í augnsamandi og koma í veg fyrir að það verði einmana.
- Að lesa fyrir það, hlæja með því og hugga það.
- Að tala við barnið, leika við það, hrósa því og dást að því.

Aldurstig 2 ja – 5 ára (leikskólaaldur)

- Þetta aldursbil einkennist af miklu lærdóms- og þroskaferli á öllum sviðum, s.s.:
 - Líkams- og hreyfiproska.
 - Tilfinninga-, vitsmuna-, mál- og félagsþroska, félagsvitund.
 - Sköpunarhæfni, siðgæðisþroska og siðgæðisvitund.
- Samhliða agastjórnun og hvatningu þarf barnið á umhyggju að halda.
- Á þessum aldri mótast mjög samskiptafærni barnsins þegar það blandar geði við börn og fullorðna.
- Hvernig geðslag barnið hefur skýrist þegar það þarf að vera fjarri foreldrum og dvelur í margbreytileika leikskólaumhverfisins.
- Máltækið „**lengi býr að fyrstu gerð**“ á einkar vel við um uppeldi barna á leikskólaaldri

Aldursstig 2 ja – 5 ára

Skilaboð til foreldra: Agi, öryggi, hvatning

Í ögun barns felst:

- Að hafa daglegt líf í föstum skorðum, s.s. svefntíma og matartíma.
- Að setja reglur, fylgja þeim eftir og vera sjálfum sér samkvæmur.
- Að bregðast strax við óæskilegri hegðun og leiðbeina barni.
- Að veita barni jákvæða svörun og draga þannig úr óæskilegri hegðun.

Í öryggi felst:

- Að foreldrar búi börnum sínum öruggar uppeldisaðstæður.
- Að vera til staðar fyrir barnið.
- Að foreldrar þekki staðreyndir um skaðsemi vímuefna, tóbaks, lyfja og áfengis.
- Að foreldrar viti hverja börnin umgangast og kynnist vinum þeirra vel.
- Að foreldrar tali saman og beri saman bækur sínar.

frh. Aldurstig 2 ja – 5 ára

Skilaboð til foreldra: Agi, öryggi, hvatning

Í hvatningu felst:

- Að sýna tómstundum barna sinna áhuga og örva þau til þátttöku.
- Að hrósa og örva fyrir það sem vel er gert.
- Að sýna öllu námi barna sinna áhuga, aðstoða og örva þau til árangurs.

Aldurstig 6-12 ára (grunnskólaaldur)

- Upphaf grunnskólagöngu eru mikil tímamót í lífi hvers barns.
- Mikilvægt er að vel takist til frá upphafi og börnum séu búnar sem bestar aðstæður til náms og þroska innan skólakerfisins.
- Á þessu aldurstíðni er mikilvægt að sinna tómstundum barna og hvetja þau til að sinna námi sínu og sýna áhugamálum þeirra áhuga.
- Það skiptir miklu að allir sem með einum eða öðrum hætti koma að uppeldi barna á þessum aldri, hvort sem það er innan fjölskyldunnar, í skólakerfinu, í íþrótt- og/eða tómstundastarfi, vinni sameiginlega að því að leggja grunn að heilsteyptri sjálfsmynd og sjálfsvirðingu barnanna.

Aldurstig 6-12 ára

Skilaboð til foreldra: leiðsögn og umhyggja ásamt aga, öryggi og hvatningu

Í leiðsögn felst:

- Að vera börnum góð fyrirmynd.
- Að þjálf þau í að segja „nei” við boðum um neyslu hvers kyns vímuefna.
- Að gefa skýr skilaboð um afstöðu gegn neyslu barna á vímuefnum.
- Að ræða skynsamlega um notkun vímuefna þegar hún birtist í fjölmiðlum.
- Að ræða um mikilvægi hreyfingar og hollara mataræðis.

Í umhyggju felst:

- Að foreldrar eigi tíðar og ánægjulegar samverustundir með börnum sínum.
- Að hlusta á barnið og svara spurningum þess.
- Að ræða við barnið um kynlíf og sambönd með tilliti til aldurs þess og þroska.
- Að foreldrar séu hreinskilnir og heiðarlegir varðandi eigin notkun á vímuefnum/reykingum.
- Að foreldrar leiti strax utanaðkomandi aðstoðar, telji þeir sig ekki ráða við vanda barns.

Aldurstigið 13-15 ára (grunnskólaaldur)

- Unglingsárin geta verið umbrotatími í lífi barna. Þá koma í ljós fyrstu merki um að þau séu að verða fullorðin.
- Ungmenni á þessum aldri huga mjög að eigin sjálfsmynd. Sú leit hefur stundum í för með sér löngun til að losna undan boðum og bönnum foreldra.
- Á þessu aldurstigi er hins vegar mikilvægt að foreldrar láti ungmennið ekki afskiptalaust heldur þvert á móti haldi áfram uppi aga og festu í uppeldinu auk þess að vinna markvisst að fjölgun samverustunda fjölskyldunnar.
- Flest ungmenni fara í gegnum þessi ár án erfiðleika. Þeim sem tekst það ekki þarf strax að koma til aðstoðar.
- Líkur eru á að börn sem hafa fengið gott uppeldi og aðhald fram að unglingsárum sætti sig betur við jákvæðan aga og festu frá foreldrum

Aldurstigið 13-15 ára

skilaboð til foreldra : virkt eftirlit

ásamt fyrri skilaboðum

Í virku eftirliti felst:

- Að takmarka aðgang að Internetinu og bönnuðu efni í fjölmiðlum og hafa eftirlit með slíkri notkun. Að setja börnum tímatakmark varðandi tölvunotkun og áhorf á myndmiðla.
- Að setja fáar, skýrar og einfaldar reglur um það hvers ætlast er til af þeim. Reglurnar hafa afleiðingar, séu þær brotnar.
- Að fá tíðar og reglulegar upplýsingar um námsástundun barnsins og að bregðast skjótt við ef hún virðist ekki í lagi.
- Að hafa að vana að spyrja barnið um hagi þess t.d. „hvert ertu að fara“, „með hverjum ertu“, „hvað ætlarðu að gera, „hvenær kemurðu til baka“.
- Ef barnið venst þessum spurningum frá blautu barnsbeini mun það síður kippa sér upp við þær á unglingsárunum.

Aldursstigið 16+ (framhaldskólaaldur)

- Mikilvægt er að hafa í huga að ungmenni á framhaldsskólaaldri eru á ábyrgð foreldra sinna til 18 ára aldurs.
- Spennandi og ný verkefni tengd skóla eða vinnu, meira sjálfstæði varðandi fjármál og eignir, breyttur vinnuhópur, auðveldara aðgengi að áfengi og vímuefnum og aukið framboð skemmtana er meðal þess sem getur breyst að loknu grunnskólanámi.
- Foreldrar þurfa þrátt fyrir það að fylgjast með námi barna sinna, vera til staðar, sýna umhyggju, taka markvisst á erfiðleikum sem kunna að koma upp og setja skýr mörk.
- Um leið þurfa þeir að gefa barninu það svigrúm sem nauðsynlegt er til að það læri að taka ábyrgð á eigin gerðum og fái þjálfun í að undirbúa sig undir það að taka ábyrgð á eigin lífi.

Aldurstigið 16+

Skilaboð til foreldra: slakaðu á – slepptu ekki

Skakaðu á en slepptu ekki – í því felst:

- Að muna að foreldrar bera ábyrgð á börnum sínum til 18 ára aldurs.
- Að muna að öll ofangreind skilaboð geta átt við fram að 18 ára aldri.
- Að muna að öll ofangreind skilaboð tryggja traust samband foreldra og barna.
- Að hafa í huga að eftir því sem börnin eldast er rétt að slaka á en þó ekki að sleppa.
- Að muna að mikilvægt er að grípa strax inn í og leita aðstoðar ef ungmennið er í neyslu eð annarri áhættuhegðun.
- Að vera leiðbeinandi foreldrar og styðja ungmenni til að standa á eigin fótum.
- Að leggja vinnu í að viðhalda traustu sambandi foreldra og barna.

Skilaboðin til foreldra

- Til að undirstrika að foreldrar gegna lykilhlutverki í öllu forvarnarstarfi var ákveðið að útbúa þessi mikilvægu skilaboð til foreldra í einstökum aldurshópum barna.
- Með þessum skilaboðum og skilgreiningum sem þeim fylgja er leitast við að vekja athygli foreldra á mikilvægum þáttum sem snúa að uppeldi og velferð barna.
- T.d. að halda uppi aga er jafn mikilvægt óháð aldri, en aðferðir og nálgun foreldra breytast eftir aldri barnanna. Sama gildir um öryggi og umhyggju.

Af hverju þessar áherslur

- Niðurstöður úr könnun R&G frá 2008 kom í ljós að krakkar í Árborg, líkt og á landinu öllu voru ekki að umgangast eða eyða tíma með foreldrum sínum eftir skóla og sum hver borðuðu kvöldmat sjaldan en einu sinni í viku með foreldrum sínu.
- Í sömu könnun kom fram að krakkar vilja að foreldrar setji reglur um hvað þau mega gera t.d. utan heimilis.
- Þá kom einnig fram að meirihluti krakkanna sögðu að foreldrar þeirra vissu ekki með hverjum eða hvað þau væru að gera eftir skóla.

Mikilvægi sterkra tengsla milli barna/ungmenna og foreldra verða seint ofmetin.

- Rannsóknir sýna að samvistartími og samvera unglunga með foreldrum og fjölskyldu hafa margvísleg jákvæð áhrif í lífi unglunga.
- Rannsóknir hafa sýnt að umhyggja foreldra og eftirlit þeirra með unglingum tengist minni líkum á vímuefnanotkun unglunga.

Rannsóknir hafa sýnt að:

- Unglingar sem eru alla jafnan undir eftirliti foreldra sinna, fá mikinn stuðning og verja tíma með þeim eru ólíklegri en aðrir unglíngar til að eignast vini sem hafa neikvæð áhrif í líf þeirra og þeir eru einnig líklegri en aðrir til að standast hópþrýsting jafnaldra en þeir sem hafa veikari tengsl við foreldra sína.
- Þau börn og unglíngar sem eru í nánnum tengslum við foreldra sína eru ólíklegri en aðrir að eiga við sálræn og félagsleg vandamál að stríða.
- Það er því augljós að foreldrar veita börnum/unglingum mikilvægt félagslegt taumhald í uppeldinu.

Þess vegna er forvarnarstefnan að:

- Leggja ofuráherslu á foreldraábyrgðina og hversu mikilvægt er fyrir foreldra að byrja strax að takast á við uppeldi barna sinna.
- Uppeldi er 24 tíma sólhingsins 365 daga ársins þar til barnið verður amk. 18 ára gamalt – ábyrgð foreldra er því mikil.

Forvarnir og tengsl við barnavernd

- Forvarnarstefna Árborgar og aðgerðaráætlunin tengist öll barnavernd í heild sinni með beinum og óbeinum hætti.
- Ef við höfum unnið okkar vinnu í byrjun eru minni líkur á að börnin okkar lendi í áföllum þegar þau eldast.

Árangursmat

- Það er ekki nóg að eiga flott plagg sem heitir forvarnarstefna eða aðgerðaráætlun.
- Við verðum að sjá árangur en til þess verður að framkvæma hlutina og fylgja þeim eftir.

Uppbygging stefnunnar

Almennar aðgerðir – ábyrgð – samstarfsaðilar
– árangurmat – tímaætlun

Markhópar

- Það sem er einkennandi á öllum aldursstigum er:
 - Fræðsla og ráðgjöf, námskeið til foreldra og aðila sem vinna með börnum/unglingum
 - ART þjálfun (**A**ggression **R**eplacement **T**raining) unnið með félagsfærni- sjálfstjórn og siðferðisþjálfun. (leggjum grunn að sterkari sjálfsmýnd með ART) 4 af 6 leikskólum keyra ART þjáflun fyrir 5 ára börn. Allir grunnskólar eru með ART að auki úrræði innan barnaverndar.

Umfjöllun um stefnuna og eftirfylgni til foreldra

- Farið inn á hverju hausti á foreldrafundi í leik-og grunnskóla þar er m.a.
 - Minnt á forvarnarstefnuna
 - Minnt á útivistartímann
 - Minnt á samvinnu allra aðila
 - Minnt á ábyrgð foreldra
 - Minnt á að kenna börnum strax muninn á réttu og röngu
- Skrifa greinar í staðarblöðin með skilaboðum til foreldra.

Ábyrgðarhlutverk barnaverndar/félagsþjónustu

- Barnavernd/félagsþjónusta kemur að nokkrum þáttum í aðgerðaráætluninni sem ábyrgðaraðili m.a.
 - Kynna tilkynningarskyldu og feril barnaverndarmála fyrir leik-grunn-og framhaldskólum í Árborg og öðrum stofnun.
 - Er byrjað að halda kynningu fyrir foreldra leikskólabarna.
 - Uppeldisnámskeið fyrir foreldra barna 6 ára og yngri.
 - Teymisvinna um málefni barna sem brjóta af sér og sem eru ekki að mæta í skólann.
 - Átak gegn eftirlausum partýum.
- Barnavernd er samstarfsaðili gegnumgangandi í allri aðgerðaráætluninni.


Mikilvægt að muna

- Foreldrar verða að trúa því að það er ekki rétt að „gamla settið” hafi engin áhrif á unglinganna og að þeir hlusti meir á vini sína en foreldra.
- Því miður eru foreldrar sem trúa þessu og gefa jafnvel skylduna og réttindi til að ala upp barn sitt til fólks sem ber hvorki lagalega né siðferðislega ábyrgð.
- Ábyrgð foreldra á uppeldi barna sinna er meiri en allra annarra og þeir eru helsta fyrirmynd barnsins að því hvernig.
- Foreldrar bera ábyrgð á því að börn þeirra lenda á götunni eða taki þátt í annarri óæskilegri hegðun.
- Ábyrgð foreldra á velferð barns hefst við þungun og lýkur rúmum 18 árum síðar.
- MUNIÐ að barn sem býr við skynsaman aga og umhyggju frá fæðingu er síður líklegt til að lenda á glapstigum á unglingsaldri og þar að leiðandi minni líkur á að þau lendi inn á borði barnaverndar/félagsþjónustu.

Árangur

- Það er von okkar að þegar fram í sækir að tilkynningum til barnaverndar fækki.
- Foreldrar leiti til fagaðila fyrr en ella.
- Foreldrar séu meðvitaðir um sína ábyrgð og byrji strax að huga að þeim þáttum og þeim skilaboðum sem verið er að senda til þeirra í gegnum forvarnarstefnuna.

Tilkynningar til barnaverndar Árborgar fyrstu 8 mánuði áráanna 2008-2010



TAKK FYRIR

